

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Salahverfi. Skóla- og íþróttasvæði. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 28. nóvember 2000 samþykkt tillögu að deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis í Salahverfi. Í tillögunni felst afmörkun byggingarreita fyrir íþróttamannvirki og grunnskóla auk fyrirkomulags íþróttavalla, aðkomuleiða, bílastæða, gönguleiða og reiðstíga. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að fyrirkomulagi bílastæða var breytt og þeim jafnframt fjölgað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Leikskólinn Efstahjalla, stækkun. Færsla gæsluvallar. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 7. desember 2000 samþykkt tillögu að stækkun leikskólans við Efstahjalla og færslu gæsluvallar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Holtagerði 76 og 78. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 20. júlí 1999 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Holtagerði 76 og 78. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að fjarlægð frá lóðamörkum húss nr. 74 að útitróppum og palli húss nr. 76 verði ekki minni en 3 metrar og að fjarlægð að húsvegg verði ekki minni en 4,2 metrar. Þá var greinargerð leiðrétt í samræmi við umsögn.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. F-reitur. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 9. nóvember 2000 samþykkt tillögu að deiliskipulagi íbúða-byggðar á svokölluðum F-reit ofan Vatnsendabýlisins. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að skipulagi á vestasta hluta skipulagssvæðisins, hvað varðar skipulag þriggja fjölbýlishúsalóða (með tveimur 5 hæða byggingum auk jarðhæðar og einni 3 hæða byggingu auk jarðhæðar) verði frestað. Skipulag svæðisins þ.m.t. hæð húsa, verði endurskoðað samhliða þeirri skipulagsvinnu sem hafin er á norðursvæði Vatnsendalands. Þá samþykkti bæjarstjórn jafnframt, að tekin verði upp umhverfisvöktun á vatnasvæði og lífríki Elliðavatns.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Askalind 2A og Álalind 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 15. desember 2000 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Askalind 2A og Álalind 1. Á fundinum var jafnframt samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að mænishæð fyrirhugaðrar byggingar verði 5,5 metrar miðað við aðkomuhæð í stað 6,5 metra.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 9. janúar 2001.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## REGLUGERÐ

**um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs  
fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2001.**

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfraðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir. Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

##### 2. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búið eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðar fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

##### 3. gr.

Heimilt er að framselja úthlutaða aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12 gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð.

Heimilt er Fiskistofu að afturkalla fyrirvaralaust leyfi skipa til veiða úr þeim stofnum sem aflahlutdeild eða aflamarki hefur ekki verið úthlutað úr.

##### 4. gr.

Skipstjóri skips sem heldur til veiða á samningssvæðinu skal tilkynna það Fiskistofu með skeyti eða símbréfi, við upphaf hverrar veiðiferðar. Í tilkynningunni skal koma fram nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn eiganda og útgerðaraðila, nafn skipstjóra, á hvaða deilissvæði sé fyrirhugað að stunda veiðar og hvenær áætlað er að veiðar hefjist. Einnig skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu þegar veiðum lýkur og komi í þeirri tilkynningu fram nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, afli um borð og fyrirhugaður löndunarstaður og -tími.